



1. september 2021  
Tilv.: 2108146

Dreifibréf númer: 44/2021  
til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

*Efni:* Viðmiðunarreglur EBA varðandi túlkun á ólíkum aðstæðum þegar lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki skal teljast á fallanda fæti.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) varðandi túlkun á ólíkum aðstæðum þegar lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki skal teljast á fallanda fæti samkvæmt 6. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB (EBA/GL/2015/07).<sup>1</sup>

Með lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, var tilskipun 2014/59/ESB innleidd hér á landi. Samkvæmt 34. gr. laganna ákvarðar fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið), að höfðu samráði við skilavaldið, hvort lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki sé á fallanda fæti í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Að sama skapi ber stjórn lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis að tilkynna fjármálaeftirlitinu þegar í stað ef líkur eru á að fyrirtækið teljist vera á fallanda fæti, sbr. lokamálsl. 1. mgr. 86. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Viðmiðunarreglur EBA/GL/2015/07 kveða nánar á um við hvaða aðstæður lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki kunni að vera á fallanda fæti og til hvaða þátta lögbærum yfirvöldum, eftir atvikum skilavöldum, og lánastofnunum eða verðbréfafyrirtækjum, ber að líta til við mat á því hvort fyrirtæki teljist á fallanda fæti eða ekki. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar [hér](#).

Til hliðsjónar hefur EBA gefið út viðmiðunarreglur um tegundir álagsprófa, skoðana eða æfinga sem leitt geta til stuðnings samkvæmt iii-lið d-liðar 4. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB (EBA/GL/2014/09).<sup>2</sup> Umrætt ákvæði tilskipunarinnar var innleitt hér á landi í 2. tölul. c-liðar 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Viðmiðunarreglunum er ætlað að aðstoða lögbær yfirvöld við mat á því hvort og eftir atvikum með hvaða hætti opinber fjárstuðningur kann að koma í veg fyrir að lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki teljist á fallanda fæti. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar [hér](#).

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og

<sup>1</sup> Guidelines on the interpretation of the different circumstances when an institution shall be considered as failing or likely to fail under Article 32(6) of Directive 2014/59/EU.

<sup>2</sup> Guidelines on the types of tests, reviews or exercises that may lead to support measures under Article 32(4)(d)(iii) of the Bank Recovery and Resolution Directive.


viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins ásamt því að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.


Fjármálaeftirlitið beinir því til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglur EBA/GL/2015/07 og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar, sbr. til hliðsjónar viðmiðunarreglur EBA/GL/2014/09, við mat á því hvort lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki fullnægi kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um í þessu dreifibréfi.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

  
Elmar Ásbjörnsson  
framkvæmdastjóri  
bankar

  
Björk Sigurgísladóttir  
framkvæmdastjóri  
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir